

**Nd.**

## **105. Frumvarp til laga**

um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna 1945.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 4 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð til aðstoðar sildarútvegsmönnum árið 1945.

### **2. gr.**

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki þeirra íslenzkra skipa, sem stunduðu sildveiðar með herpinót sumarið 1945, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir (þau) vegna aflabrests á sildarvertiðinni eiga erfitt með áframhaldandi rekstur.

### **3. gr.**

Sameinað Alþingi kýs fjögurra manna nefnd, sem tekur á móti umsóknum um lán þessi. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar.

Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattframtíali umsækjanda 1945;
2. efnahagsreikningur umsækjanda 30. sept. 1945;
3. rekstrarreikningur sildarútgerðar umsækjanda 1945;
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar. Með allar upplýsingar varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

#### 4. gr.

Pegar lánveitinganefnd hesur fengið tilskilin skjöl i hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Telji nefndin, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera.

#### 5. gr.

Ekkert lán má afgreiða, fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánnanna og sér um bókhald og innheimitu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

#### 6. gr.

Lán þessi veitast til 5 ára með 3% ársvöxtum. Þau greiðast með jöfnum árlegum afborgunum.

#### 7. gr.

Selji lántakandi skip sitt, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

#### 8. gr.

Þeir, sem fá lán samkv. lögum þessum, eru skyldir til að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

#### 9. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

#### 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli atvinnumálaráðherra. Ástæður fyrir því, að frv. er fram komið, eru þær, að eigendur allmargra sildveiðiskipa komust í rekstrarfjárþróng eftir aflabrest á sildarvertíðinni í sumar. Atvinnumálaráðherra skipaði þá nefnd til þess að rannsaka málid og gera tillögur um það til ríkisstjórnarnarinnar. Meðal annars, sem nefndin skilaði ríkisstjórninni, var frumvarp um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna. Atvnrh. sendi sjávarútvegsnefnd þessarar deildar frv. með tilmælum um, að n. flytti það.

Sjávarútvegsnefndir þingsins hafa rætt frv. á tveim sameiginlegum fundum og nefnd þessarar deildar síðan á tveim fundum. Var samþ. að flytja frv. nokkuð breytt. Hefur atvinnumálaráðherra fallizt á breytingarnar.

Eysteinn Jónsson taldi sig ekki geta tekið þátt í flutningi frumvarpsins. Er það því flutt af meiri hluta nefndarinnar.